

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1075 Stofnfiskur hf. (IS-36076) Vogavík	Vogavík 190 Vogar	Ella Kristín Geirsdóttir Gæðastjóri Hreiðar Hreiðarsson Stöðvarstjóri Davíð Harðarson Framleiðslustjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	8.10.2019	10.10.2019	3,50	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 8 skoðunatriða af 8. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávik	Frávik
2.1.1 Rekstrarleyfi	3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni 3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga

#### Aðrar athugasemdir

Farið var yfir gæðakerfi fiskeldisstöðvarinnar með ábyrgðarmönnum og í framhaldinu var aðbúnaður og fiskheldni stöðvarinnar skoðuð.

Framleiðsla stöðvarinnar var umfram heimild árið 2018. Fyrirtækið áætlað að sækja um stækkun á rekstrarleyfi en Matvælastofnun óskar eftir að umsókn berist ásamt fylgigögnum eins fljótt og auðið er.

Frárennsli frá C og D línu er ekki fiskhelt en gerð er krafa um það í rekstrarleyfi stöðvarinnar og í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi.

Umsókn um stækkun á rekstrarleyfi ásamt fylgigögnum þarf að berast fyrir 1. nóvember nk. en úrbætur á öðrum athugasemdum þurfa að fara fram fyrir 10. janúar 2020.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

#### Starfsstöð

Stofnfiskur hf. (IS-36076) Vogavík  
Vogavík  
190 Vogar  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6203911079

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi  
Frumframleiðsla - Þáttur VI - Klak - Klakstöð  
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

## Tengiliðir

Hreiðar Hreiðarsson	693-6304	hreiðar@stofnfiskur.is	Stöðvarstjóri
Ella Kristín Geirsdóttir	6912975	ella@stofnfiskur.is	Gæðastjóri

2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 08.10.2019

Alvarlegt frávik

---

Framleiðsla fiskeldisstöðvarinnar árið 2018 var 217 tonn. Skv. rekstrarleyfi er einungis heimilt að framleiða 200 tonn á ári.

Fyrirtækið áætlað að sækja um stækkun á rekstrarleyfi svo að framleiðsla fiskeldisstöðvarinnar rúmist innan rekstrarleyfisins. **Matvælastofnun krefst þess að fyrirtækið sendi inn formlega umsókn um stækkun ásamt öllum nauðsynlegum fylgigögnum fyrir 1. nóvember nk.**

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 10.10.2019

Frávik

---

Enginn búnaður í frárennsli frá C og D línu sem gerir það fiskhelt.

Skv. 14. gr. í reglugerð nr. 1170/2015 og 4. gr. í rekstrarleyfi fyrirtækisins þá skal vera til staðar búnaður staðsettur í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fyrirtækið telur að fiskurinn sem alinn er í þeim rýmum sem tengjast C og D línu sé það stór að hann kemst ekki í gegnum lagnirnar í frárennslinu. Engu að síður telur Matvælastofnun nauðsynlegt að þessi búnaður sé til staðar í frárennsli frá C og D línu þar sem það kemur skýrt fram í reglugerð 1170/2015 og í rekstrarleyfi fyrirtækisins. Einnig er ekki hægt að útiloka að í framtíðinni verði alinn smærri fiskur í eldisrýmum sem tengjast C og D línu.

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Sett inn: 08.10.2019

Frávik

---

Uppfæra þarf tilkynningaskyldu í viðbragðsáætlun um slysasleppingar. Ef slysaslepping kemur upp þarf að tilkynna atburðinn til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Ný lög nr. 1937/149 tóku gildi síðasta sumar þar sem í 14. gr. stendur:

"Rekstrarleyfishafi, sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. "

6 - Úrbætur

---

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Sett inn: 10.10.2019

Í lagi

---

Úrbætur hafa verið gerðar á athugasemdum sem fram komu í síðasta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar árið 2017.

**Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.1.1 Dagbókarfærslur

4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

6.1.1 Mat á úrbótum

---

Rúnar Ingi Tryggvason  
runar.tryggvason@mast.is  
sérfraeðingur  
5304800

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.